



1595. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
20.1.2016, kl. 11:30.

1. Fundargerð 1594. fundar

Samþykkt.

2. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála. Eiga fund með sviðsstjóra ÍTR síðar í dag þar sem línur munu skýrast frekar.

3. Meiðsla- og greiningarmiðstöð fyrir íþróttir

Drög að samþykkt lögð fram og rædd. Frekari athugasemdir sendist á Frímann.

4. Fulltrúar ÍBR í nefndum UMFÍ

Viggó mun sitja í fræðslunefnd og Haukur í nefnd um Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar.

5. Hreyfing eldri borgara

Stýrihópur Reykjavíkurborgar um heilsueflingu eldri borgara, undir forystu Ellert B. Schram, óskaði eftir upplýsingum frá ÍBR um starf sem er þegar í gangi á vegum félaga og afstöðu íþróttahreyfingarinnar til samstarfs um að fjölga valkostum til hreyfingar. Í kjölfar samráðs við fulltrúa þriggja hverfafélaga (Fjölnis, Fram og Fylkis), lögð fram drög að svarbréfi þar sem jákvætt er tekið í samstarf við borgina um þessi mál. Samþykkt.

6. Jafnréttisútekt Reykjavíkurborgar

Erindi frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar lagt fram. Skrifstofunni hefður verið falið af mannréttindaráði að gera úttekt á jafnréttismálum innan þriggja hverfafélaga í Rvk. Félögin voru valin af handahófi þ.e. Fjölnir, KR og Þróttur. Framkvæmdastjóra falið að fylgja eftir.

7. Alþjóðaleikar ungmenna í Innsbruck

Skýrsla fararstjóra fyrir nýliðna leika lögð fram. Gekk heildina vel og verðlaun voru silfur í listhlaupi á skautum og brons í snjóbrettakeppni og keppni fjölþjóðaliða í samhliða svigi. Reykjavík tekur ekki þátt í sumarleikunum í Taipei í ár. Næstu leikar verða árið 2017 í Kaunas (Litháen), 2018 í Jerúsalem (Ísrael) og 2019 í Ufa (Rússland).

8. Önnur mál

- RIG, farið yfir stöðu mála. Útlit fyrir sterkt mót og góða umfjöllun.
- Samanber samþykkt um að virkja íþróttafólk Reykjavíkur til að vinna að útbreiðslu og kynningu íþróttanna í borginni, Eygló Ósk Gústafsdóttir íþróttakona Reykjavíkur og íþróttamaður ársins 2015 hefur þegar heimsótt nokkra grunnskóla og kynnt RIG við góðar undirtektir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:50.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari